

Grímsey, 26. mars 2020
35. fundur hverfisráðs Grímseyjar, símafundur

Mættir:

Jóhannes Gísli Henningsson formaður
Karen Nótt Halldórsdóttir ritari
Guðrún Inga Hannesdóttir

Fundur hófst kl. 17:00

Rætt var um framkvæmdafé það sem eyjan fær til ráðstöfunnar á árinu. Ákveðið var að setja upp könnun á Facebooksíðu eyjarbúa með úrvali hugmynda.

Kosið var úr eftirfarandi hugmyndum. Atkvæði fylgja með sem talin voru saman eftir helgina:

#Lítill bryggja á Sandvíkurtjörn. Hjólabátar fyrir börn á sumrin.-16 atkvæði.

Sandvíkurtjörn er lítill, grunn tjörn við sundlaugina þar sem krakkar leika sér mikið.

#Grímseyjarskilti með sögulegum teikningum og QR kóða sem beinir manni á upplýsingasíðu á netinu. Svipað skilti og er á Dalvík - 9 atkv.

#Koma vídjóum í eigu félaganna og skólans á stafrænt form - 9 atkv.

#Beina ferðamönnum úr ferju rétta leið með sporum, fuglasporum eða einhverju öðru fallegu. Það myndast oft mikil kaotík niðri á bryggju þar sem verið er að ferma og afferma um leið og ferðamenn eru að reyna að rata og enda oft á ví að byrja á því að labba í gegn um iðnaðarhverfið, sem við vitum öll hvernig lítur út. - 7 atkv

#Grillaðstaða á tjaldsvæði (grillhús). Það vantar einhverja aðstöðu á tjaldstæðið. Auk þess er rok í Grímsey allra jafna og þetta þyrfti að vera yfirbyggt og með skjóli. -7 atkv.

#Endurbætur á leiksvæði / fótboltavelli og sparkvöllur (tvö atriði á lista) samt. 9 atkv.

#Námskeið á líkamsræktartækin - 3 atkv.

#Listaverk á „eyjuna“ á milli búðar og Fiske palls. -3 atkv

#Tímalínuskilti með gömlum myndum -3 atkv.

Niðurstöður voru sendar á umhverfis- og mannvirkjasvið.

Einnig var rætt um viðhald bygginga bæjarins í eyjunni. Múrhúðin á félagsheimilinu Múla hefur verið skemmd í nokkur ár og er mikil óprýði fyrir eyjuna.

Einnig uppgötvaðist leki á þaki sundlaugar nú í febrúar.

Fundi lauk um kl. 18:00